



Stjórnarráð Íslands  
Innviðaráðuneytið

irn@irn.is  
545 8200

Sölvhólsgötu 7,  
101 Reykjavík

stjornarradid.is

Reykjavíkurborg - Skrifstofa borgarstjórnar  
Ráðhúsinu  
101 Reykjavík

Reykjavík 27. apríl 2022  
Tilv.: IRN22040066/4.10.1

Ráðuneytið hefur staðfest samþykkt um breytingu á samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarskóp borgarstjórnar, nr. 2010/2019, með síðari breytingum.

Samþykktin hefur verið send til birtingar í B-deild Stjórnartíðinda.

Fyrir hönd ráðherra

Guðni Geir Einarsson

Hafdís Gísladóttir

Fylgiskj.: Staðfest samþykkt um breytingu á samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarskóp borgarstjórnar, nr. 102/2019, með síðari breytingum.

# SAMÞYKKT

## um breytingu á samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarskóp borgarstjórnar, nr. 1020/2019, með síðari breytingum.

1. gr.

64. gr. samþykktarinnar orðast svo, ásamt fyrirsögn:

*Kosning annarra nefnda.*

Til viðbótar við þær nefndir sem borgarstjórn kýs skv. 63. gr. kýs hún fulltrúa í eftirtaldar nefndir, ráð eða stjórnir eftir sérstökum samþykktum sínum og því sem lög mæla fyrir um:

**A. Til eins árs:**

1. Fimm fulltrúa í stjórn Faxaflóahafna sf. og fimm til vara. Formannskjör.
2. Fimm fulltrúa í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur og fimm til vara. Formannskjör.

**B. Til fjögurra ára:**

1. Einn fulltrúa í almannavarnanefnd og two til vara.
2. Þrjá fulltrúa í endurskoðunarnefnd og þrjá til vara. Formannskjör.
3. Þrjá fulltrúa í aðgengis- og samráðsnefnd í málefnum fatlaðs fólks og þrjá til vara. Formannskjör.
4. Two fulltrúa í fjölmennингarráð og two til vara. Formannskjör.
5. Þrjá fulltrúa í hvert íbúaráð og þrjá til vara. Formannskjör.
6. Fimm fulltrúa í innkaupa- og framkvæmdaráð og fimm til vara. Formannskjör.
7. Þrjá fulltrúa í kjaranefnd og þrjá til vara. Formannskjör.
8. Þrjá fulltrúa í ofbeldisvarnarnefnd og þrjá til vara. Formannskjör.
9. Þrjá fulltrúa í umdæmisráð Barnaverndar Reykjavíkur og þrjá til vara. Formannskjör.
10. Þrjá fulltrúa í stjórn Brúar lífeyrissjóðs og þrjá til vara.
11. Two fulltrúa í oldungaráð og two til vara. Formannskjör.

Aðalfulltrúar í nefndum sem talar eru upp í 4., 5., 7., 8. og 10. tölul. B-liðar skulu koma úr hópi aðal- og varamanna í borgarstjórn. Tveir af þremur fulltrúum í íbúaráðum skulu koma úr hópi aðal- og varamanna í borgarstjórn.

**C. Kjörstjórnir:**

Borgarstjórn kýs fulltrúa í yfirkjörstjórnir, hverfiskjörstjórnir og undirkjörstjórnir, auk varamanna, eftir ákvæðum kosningalaga.

**D. Aðrar stjórnir, ráð og nefndir:**

Borgarstjórn/borgarráð kýs eða tilnefnir fulltrúa sína í ýmsar stjórnir, ráð eða nefndir samkvæmt ákvæðum laga og reglugerða eða samkvæmt sérstökum samþykktum.

2. gr.

68. gr. samþykktarinnar orðast svo, ásamt fyrirsögn:

*Áheyrnarfulltrúar.*

Framboðsaðila sem fulltrúa á í borgarstjórn en nær ekki kjöri í fastanefnd sem hefur fullnaðarákvörðunarvald í málum, er heimilt að tilnefna áheyrnarfulltrúa til þátttöku í fundum nefndar með málfrensi og tillögurétt. Þessi heimild gildir ekki um fulltrúa í umdæmisráði Barnaverndar Reykjavíkur.

Um áheyrnarfulltrúa á fundum nefnda gilda sömu þagnarskylduákvæði laga og eiga við um aðra nefndarmenn. Áheyrnarfulltrúi og varaáheyrnarfulltrúi skulu fullnægja kjörgengisskilyrðum í viðkomandi nefnd.

3. gr.

75. gr. samþykktarinnar orðast svo, ásamt fyrirsögn:

*Ráðning starfsmanna.*

Lausar stöður skulu auglýstar til umsóknar í samræmi við ákvæði kjarasamninga og reglur Reykjavíkurborgar.

4. gr.

76. gr. samþykktarinnar orðast svo, ásamt fyrirsögn. :

*Réttindi og skyldur.*

Um starfskjör, réttindi og skyldur starfsmanna Reykjavíkurborgar fer eftir ákvæðum kjarasamninga hverju sinni og/eða ákvæðum ráðningarsamninga og reglum um réttindi og skyldur starfsmanna eftir því sem við á. Reglur um réttindi og skyldur stjórnenda hjá Reykjavíkurborg gilda um starfskjör, réttindi og skyldur stjórnenda sem heyra undir þær reglur.

Kjaranefnd Reykjavíkur ákvarðar laun og önnur starfskjör þeirra embættismanna sem heyra beint undir borgarstjóra í skipuriti borgarinnar og borgarráð ræður til starfa sem og formanns samninganefndar Reykjavíkurborgar. Um skipan kjaranefndar og störf fer samkvæmt ákvæðum í samþykkt þessari og viðauka um fullnaðarafgreiðslur hennar, reglum um réttindi og skyldur stjórnenda hjá Reykjavíkurborg og samþykkt nefndarinnar sem borgarráð staðfestir.

5. gr.

Samþykkt þessi sem borgarstjórn Reykjavíkur hefur sett skv. ákvæðum 9. og 18. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2018 staðfestist hér með og öðlast þegar gildi. Þó skal 9. tölul. B-liðar 64. gr. ekki öðlast gildi fyrr en 1. október 2022.

*Innviðaráðuneytinu, 27. apríl 2022.*

**Guðni Geir Einarsson.**

*Hafdís Gísladóttir.*